

44. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



FOSSHÓTEL REYKHOLTI
12. SEPTEMBER-13. SEPTEMBER 2013



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

EFNISYFIRLIT

Dagskrá aðalfundar 2013.....	3
Fulltrúar og gestir á aðalfundi SSV 2013.....	5
Fundarsetning.....	6
Skýrslur	7
Skýrsla stjórnar	7
Skýrsla framkvæmdastjóra	12
Ávarp gesta.....	13
Framtíðarhópur SSV.....	13
Almenningssamgöngur	13
Ávarp Innanríkisráðherra.....	14
Formaður Sambands íslenskra sveitafélaga	18
Tillögur	20
Finnlandsferð fulltrúa frá SSV.....	21
Málefni Fatlaðra – Starfsskýrsla ársins 2012	21
Byggðastefna Íslands og sóknarfæri Vesturlands.....	23
Menntunaráttak í NV-kjördæmi.....	25
Framhald nefndarstarfa.....	26
Afgreiðsla úr nefndum og kosningar.....	26
Ályktanir um allsherjarnefnd	26
Málefni fatlaðra	26
Fjárhagsnefnd	26
Tillögur samgöngunefndar	26
Kjörnefnd	27
Fylgiskjal 1 - Ályktanir aðalfundar SSV árið 2013.....	28
Allsherjarnefnd.....	29
Málefni fatlaðra	29
Orkumál.....	30
Fjárhagsnefnd	31
Samgöngunefnd.....	31
Kjörnefnd	33
Stjórn og nefndir SSV	33
Fylgiskjal 2 - Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2014.....	34

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2013

Fimmtudagurinn 12. september 2013

- 13:00 Fundarsetning: Gunnar Sigurðsson, formaður SSV**
Kosning fundarstjóra, fundarritara og starfsnefnda (Kjörbréfanefnd, kjörnefnd, fjárhagsnefnd allsherjarnefnd og samgöngunefnd SSV)
Skýrsla stjórnar og starfsemi SSV starfsárið 2012-2013
Gunnar Sigurðsson, formaður SSV.
Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2012, 2013 og 2014
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV.
Umræður og fyrirspurnir
- Ávörp gesta**
- 14:20 Framtíðarhópur SSV**
Gísli Gíslason, formaður Framkvæmdaráðs Vesturlands.
Umræður og fyrirspurnir
- 14:45 Kaffihlé**
- 15:10 Ávarp Innanríkisráðuneytis**
Hanna Birna Kristjánsdóttir, ráðherra.
Umræður og fyrirspurnir.
- 15:50 Halldór Halldórsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga.**
Umræður og fyrirspurnir.
- 16:40 Almenningsamgöngur**
Ólafur Sveinsson
Umræður og fyrirspurnir
- 17:00 Tillögur**
- 17:15 Nefndir koma saman.**
- 18:00 Móttaka í Snorrastofu í boði Borgarbyggðar.**
- 20:00 Hátíðarkvöldverður**

Föstudagurinn 13. september 2013

- 09:00 Finnlandsferð fulltrúa frá SSV**
Ingibjörg Valdimarsdóttir, stjórnarmaður SSV.
Umræður og fyrirspurnir
- 09:30 Málefni fatlaðra – starfsskýrsla ársins 2012.**
Hjördís Hjartardóttir, félagsmálastjóri Borgarbyggðar og fulltrúi í Þjónusturáði Vesturlands.
Ársreikningur Þjónustusvæðisins Vesturlands. Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV.
Starfshópur SSV. Ingibjörg Valdimarsdóttir, formaður
Umræður og fyrirspurnir
- 10:45 Byggðastefna Íslands og sóknarfæri Vesturlands.**
Þóroddur Bjarnason, formaður Byggðastofnunar. Umræður og fyrirspurnir
- 11:30 Menntunaráttak í NV-kjördæmi**
Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst
Umræður og fyrirspurnir

- 12:00** **Hádegisverðarhlé**
- 13:10** **Formaður hagræðingarnefndar**
Ásmundur Einar Daðason, alþingismaður og formaður nefndar um hagræðingu í ríkisrekstri.
Umræður og fyrirspurnir
- 13:50** **Nefndarstörf**
- 15:00** **Kaffihlé og nefndir koma saman til starfa**
- 15:45** **Afgreiðsla úr nefndum og (kosningar)**
- 17:00** **Aðalfundi frestað um 4-6 vikur**



FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2013

AKRANES

Einar Benediktsson, bæjarfulltrúi
Guðmundur Páll Jónsson, formaður bæjarráðs
Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi og form.
SSV

Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi og
stjórnarmaður SSV

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri
Sveinn Kristinsson, bæjarfulltrúi
Þróstur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi

BORGARBYGGÐ

Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður
byggðaráðs og stjórnarmaður SSV
Jóhannes F. Stefánsson, fulltrúi sveitarstjórnar
Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri
Ragnar Frank Kristjánsson, forseti
sveitarstjórnar
Sigríður Bjarnadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar og
stjórnarmaður SSV

DALABYGGÐ

Ingveldur Guðmundsdóttir, fulltrúi
sveitarstjórnar
Halla Steinólfssdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar og
áheyrnarfulltrúi í stjórn SSV
Jóhannes H. Hauksson, fulltrúi sveitarstjórnar
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Guðbjartur Gunnarsson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri
Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, bæjarfulltrúi og
stjórnarmaður í SSV
Þórður Á Magnússon, bæjarfulltrúi

HELGAFELLSSVEIT

Benedikt Benediktsson, oddviti

HVALFJARÐARVEIT

Ása Helgadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Hallfreður Vilhjálmsson, fulltrúi
sveitarstjórnar og stjórnarmaður SSV
Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri
Sævar Ari Finnbogason, fulltrúi sveitarstjórnar

SKORRADALSHREPPUR

Davíð Pétursson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
Jón Þór Lúðvíksson, bæjarfulltrúi og
stjórnarm. SSV

Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi

STYKKISHÓLMsbær

Berglind Axelsdóttir, bæjarfulltrúi
Grétar D. Pálsson, bæjarfulltrúi
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri
Helga Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi

AÐRIR GESTIR

Albertína Elíasdóttir, formaður FV
Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður
Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi
Elsa Lára Arnadóttir, alþingismaður
Gísli Gíslason, form. Framkvæmdaráðs
Vesturlands
Guðbjartur Hannesson, alþingismaður
Heiðar Lind Hansson Blaðamaður
Skessuhorns
Halldór Halldórsson, form. Sambands
íslenskra sveitarfélaga
Halldór V. Kristjánsson, Innanríkisráðuneyti
Hanna Birna Kristjánsdóttir,
Innanríkisráðherra
Haraldur Benediktsson, alþingismaður
Hjördís Hjartardóttir, félagsmálastjóri
Borgarbyggðar og fulltrúi í Þjónusturáði
Vesturlands
Hulda Hrönn Sigurðardóttir, Borgarbyggð
Jóhannes Tómasson, Innanríkisráðuneyti
Jónína Erna Arnadóttir, Borgarbyggð
Karl Björnsson, Sambands íslenskra
sveitarfélaga
Katrín María Andrésdóttir, framkv.stj. SSV
Lilja Rafney Magnúsdóttir, alþingismaður
Ólafur Hjörleifsson, Innanríkisráðuneyti
Sigurður Árnason, sérfræðingur hjá
Byggðastofnun
Torfi Jóhannesson, sérfræðingur hjá
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á
Bifröst
Þórey Vilhjálmsdóttir, Innanríkisráðuneytinu
Þóroddur Bjarnarson, formaður
Byggðastofnunar

STARFSMENN SSV

Einar Þ. Eyjólfsson
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólafur Sveinsson
Vífill Karlsson



FUNDARSETNING

Gunnar Sigurðsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann stakk uppá Ragnari Frank og Sigríði Bjarnadóttur sem fundarstjórum og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

Fundarstjórar:	Ragnar Frank Sigríður Bjarnadóttir
Fundarritarar:	Einar Þ. Eyjólfsson Margrét B. Björnsdóttir
Kjörbréfanefnd:	Björn Steinar Pálmason Sigríður Bjarnadóttir
Kjörnefnd:	Berglind Axelsdóttir Þróstur Þór Ólafsson
Fjárhagsnefnd:	Gyða Steinsdóttir Sveinn Kristinsson Sveinn Pálsson
Allsherjarnefnd:	Páll Brynjarsson Laufey Jóhannsdóttir Regína Ásvaldsdóttir Grétar Pálsson
Samgöngunefnd:	Davíð Pétursson Guðmundur Páll Jónsson Kristjana Hermannsdóttir
Málefni fatlaðra:	Ingibjörg Valdimarsdóttir Bjarki Þorsteinsson



SKÝRSLUR

Eftirfarandi skýrslur voru fluttar:

Skýrsla stjórnar og starfssemi SSV 2012-2013

Gunnar Sigurðsson, formaður SSV

Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2012, 2013 og 2014

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ágætu sveitarstjórnarmenn og góðir gestir

Ég mun í skýrslu stjórnar hér á eftir gera grein fyrir helstu verkefnum stjórnar SSV á liðnu starfsári. Það hefur komið mér á óvart, eftir að hafa komið að borði stjórnar SSV að nýju, hvað verkefni hafa breyst og eru orðið viðamikil inni í stjórn SSV. Starfsemin hefur breyst mikið frá því ég átti sæti í stjórn árin 1999 til 2002 en öll þau ár var ég einnig formaður stjórnarinnar. Ég ætla ekki að staldra við þau ár að þessu sinni heldur halda mig við nútíðina, ekki veitir af. Stór og krefjandi verkefni eru á borði stjórnar og starfsmanna SSV.

Samkvæmt hefðinni mun ég byrja á því að rifja upp hverjir hafa setið með mér í stjórninni undanfarið ár.

Stjórn SSV á starfsárinu 2012-2013

Aðalmenn

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Jón Þór Lúðvíksson
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Varamenn

Ragnar Frank Kristjánsson
Einar Brandsson
Halla Steinólfsdóttir
Kristín Björg Árnadóttir
Jóhannes Stefánsson
Lárus Á. Hannesson
Einar Benediktsson

Fyrst ber þess að geta að stjórnin hélt 9 fundi á starfsárinu og var Ingibjörg Valdimarsdóttir kosin varaformaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Þar að auki átti SSV aðild að öðrum fundum um mikilvæg mál og verkefni. Formaður sat ásamt starfsfólki SSV allnokkra fundi með ýmsum aðilum til að fylgja málum eftir. Einnig sótti starfsfólk skrifstofunnar fundi um þau verkefni sem ríkisvaldið leggur áherslu á um þessar mundir og ég mun greina frá hér síðar í skýrslunni.

Hér á eftir er yfirlit yfir helstu verkefni SSV á árinu.

Málefni fatlaðs fólks

Eins og við munum fluttist í ársbyrjun 2011 þjónusta við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaganna. SSV ber formlega ábyrgð á málaflokknum og framkvæmd hans. Þriggja manna þjónusturáð fer fyrir hönd SSV fyrir málaflokknum, sér um stjórnina og skipulagið. Hjördís Hjartadóttir, fulltrúi í Þjónusturáði, mun hér á fundinum segja ykkur nánar frá þessu mikilvæga máli. Auk Hjördísar eiga sæti í Þjónusturáði, Helga Gunnarsdóttir sem er formaður og Sveinn Elínbergsson.

Fyrir rúmu ári síðan skipaði stjórn starfshóp til að vinna að skoðun og stefnumótun varðandi málefni fatlaðra á Vesturlandi. Verkefni starfshópsins hafa orðið viðameiri en séð var í fyrstu. Formaður starfshópsins, Ingibjörg Valdimarsdóttir, mun gera grein fyrir störfum hópsins í tengslum við skýrslu



þjónusturáðs í fyrramálið. Í stuttu máli þá blasir alvarlegur fjárhagsvandi við. Svo virðist sem ríkið sé ekki að rækja skyldur sínar við sveitarfélögin. Hingað til Vesturlands vantar 60 – 70 milljónir til að standa undir þjónustu við fatlað fólk og aðstandendur þess. Þessi staða er afskaplega óheppileg en ég mun ekki fjalla um þetta mál frekar hér í skýrslu stjórnar þar sem Ingibjörg Valdímarsdóttir mun fara yfir þessi mál í fyrramálið. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka þjónusturáði og starfsfólki fyrir vel unnin störf við erfiðar aðstæður.

Menningarsamningur

Fyrsti menningarsamningur fyrir Vesturland var undirritaður haustið 2005. Samningurinn hefur síðan verið endurnýjaður þrisvar og gildir sá síðasti til ársloka 2013. Þar sem fyrri ríkisstjórn hefur boðað að menningarsamningar muni falla undir verkefni sóknaráætlana og samningar verða inni í heildarsamningum þar um, samþykkti stjórn SSV að Menningarráð Vesturlands skyldi aflagt frá og með næstu áramótum. Eins og staðan er þegar þegar þessi skýrsla er rituð hafa engin skilaboð borist frá ríkisstjórn hvort framtíðarfyrirkomulag verður með þessum hætti.

Vaxtarsamningur

Starfsemi Vaxtarsamnings hefur verið með hefðbundnu sniði. Samningurinn rennur út í árslok og búið að boða að það fé sem kemur til Vaxtarsamnings fari í sama farveg og Sóknaráætlun. Ef það gengur eftir kemur það í hlut Samráðsvettvangs og Framkvæmdaráðs að úthluta þessu fjármagni. Afstaða nýrra stjórnvalda til þessa fyrirkomulags liggur ekki fyrir, en hver sem ákvörðunin verður leggjum við mikla áherslu á að Vaxtarsamningur haldi áfram. Hann hefur sannað gildi sitt, verið hvati til nýsköpunar og aukið fjármagn til þróunar og nýsköpunar á svæðinu og aukið ákvörðunarvald heimamanna þó að upphæðin sé ekki stór. Að okkar mati er nauðsynlegt að gera breytingar á stýringu úthlutunar úr Vaxtarsamningi, vegna þess að ábyrgðin á framkvæmd verkefnisins er hjá SSV, en eins og nú er skipar ráðherra stjórn, að vísu í samráði við heimamenn, en eðlilegt hlýtur að vera að skipan stjórnar haldist í hendur við ábyrgð verkefnisins.

Sóknaráætlun Vesturlands og aukið hlutverk landshlutasamtaka

Aukið ákvörðunarvald heimamanna hefur verið rauður þráður í verkefni sóknaráætlana landshlutasamtakanna. Þau áform fyrri ríkisstjórnar um sóknaráætlun Vesturlands gengu því eftir á starfsárinu. Vinna við Sóknaráætlun Vesturlands fór á fullt skrið á árinu. Þann 12. desember sl. kom saman í Borgarnesi um 100 manna hópur til að setja fram stefnu fyrir okkar heimasvæði, Vesturland. Formlega var stofnaður Samráðsvettvangur Vesturlands sem var samsettur úr sem flestum þjóðfélagshópum af Vesturlandi. Fulltrúar vettvangsins réðu ráðum sínum um tækifæri Vesturlands á þessum fjölmenna fundi í Hótel Borgarnesi. Á fundinum var skipað Framkvæmdaráð Vesturlands sem hélt sinn fyrsta fund 24. janúar 2013. Var Gísli Gíslason, hafnarstjóri, kosinn formaður en í ráðinu sitja 15 einstaklingar af Vesturlandi öllu. Starfsmenn SSV unnu löngum stundum að verkefninu. Sóknaráætlun Vesturlands var skilað í lok febrúar. Þann 22. mars undirritaði formaður samning um framkvæmd sóknaráætlunar SSV árið 2013. Um var að ræða framlag til 7 verkefna, kr. 45,9 millj. kr. Val verkefna byggðist á greiningarvinnu Byggðastofnunar og Atvinnuráðgjafarinnar á stöðu Vesturlands þar sem sóknartækifæri og styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri svæðisins voru greind. Framkvæmdaráð fór með endanlegt ákvörðunarvald og hafði til hliðsjónar niðurstöður úr vinnu Samráðsvettvangs.

Starfshópur um starfsemi SSV

Þann 19. ágúst var lögð fyrir stjórn samantekt starfshóps sem hafði það hlutverk að skoða starfsemi SSV. Gísli Gíslason, hafnarstjóri, var formaður hópsins. Skýrslan var send sveitarfélögum til umsagnar í framhaldi af stjórnarfundinum. Viðbrögð sveitarfélaga hafa verið að berast og eru ekki komin frá öllum sveitarfélögum. Þetta er stórt mál og tillögur vinnuhópsins kalla á breytingar á samþykktum SSV ef á að innleiða þær. Settir eru fram tveir valkostir. Annars vegar að verkefni sem unnin eru á Vesturlandsvísu verði öll sett undir einn hatt, sambærilegt við það sem gert hefur verið á Austurlandi, sem hefur t.d. það í för með sér að stjórn yrði ekki eingöngu skipuð sveitarstjórnarfólki



og hins vegar óbreytt aðild að SSV, en verkefnum verði komið fyrir með skýrum hætti í skipuriti. Í þessu samhengi má benda á að fjármálaleg umsvif og umsjón SSV á yfirstandandi ári eru um 900 millj. kr. og 3 sveitarfélög á Vesturlandi eru með meiri veltu en þetta. Bara þetta kallar á að við skoðum á hvað leið við erum og hvert við viljum fara.

Aðdragandi þess að vinnuhópurinn var settur á laggirnar er fundur sem haldinn var í Borgarnesi 6. febrúar sl. Til fundarins mættu oddvitar og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna á svæðinu. Tílefni þessa fundar var hvort skoða ætti aukna samræmingu í þeim verkefnum sem unnin eru á Vesturlandsvísu m.a. vegna þess að þessi verkefni hafa vaxið mjög hratt og mjög mikið.

Á þessum fundi kom fram skýr vilji til þess að skoða heildarfyrirkomulag þeirra verkefna sem unnin eru á svæðisvísu og að hafa sameiginlegan fundardag fyrir aðalfundi þeirra verkefna sem unnin eru á Vesturlandsvísu. Tilraun að þessu fyrirkomulagi var gerð þann 19. apríl sl. og er það mat mitt og stjórnar að vel hafi tekist til. Þetta fyrirkomulag er stór þáttur í þeim breytingum sem boðaðar eru í tillögum starfshóps og ykkar kjörinna fulltrúa að taka afstöðu til.

Vegna þeirra tímamarka sem gilda um breytingar á samþykktum SSV og til þess að umræða um tillögur til breytinga fái nægan tíma verður lagt til á þessum fundi að honum verði ekki slitið, heldur frestað um 4 – 6 vikur og þetta mál komi til afgreiðslu á framhaldsaðalfundi. Tillögu um það mun stjórn leggja fyrir fundinn. Jafnframt mun frestun á aðalfundi nýtast til að vinna frekar að málefnum fatlaðra sem ég fór yfir fyrr í þessari skýrslu. Skipaður hefur verið starfshópur sem saman stendur af framkvæmdastjórum sveitarfélaganna undir formennsku Páls Brynjarssonar, bæjarstjóra Borgarbyggðar. Hópnunum er ætlað að vinna áfram með tillögur fyrri starfshóps.

Aðalfundir fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á Vesturlandsvísu.

Stjórn SSV beitti sér fyrir því að fyrirtæki og stofnanir sem rekin eru í tengslum við sveitarfélögin, og á Vesturlandsvísu, sameinuðu aðalfundi sína á einn og sama daginn. Fyrir valinu varð 19. apríl, en þá héldu Sorpurðun Vesturlands hf. Menningarráð Vesturlands, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Markaðsstofa Vesturlands aðalfundi sína í Borgarnesi. Mæltist þetta fyrirkomulag vel fyrir og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til stjórnna þessara stofnana að endurtaka leikinn að ári. Hér er um ákveðið hagræði að ræða fyrir fulltrúa sveitarfélaganna en það hefur verið umræðuefni stjórnar og sveitarstjórnna hvernig auka megi upplýsingaflæði til og frá þessum félögum og ber þá nafn SSV oft á góma. Með þessum orðum er ég ekki að vísa til þess að upplýsingarnar stöðvist þar innanhúss. Hér er einnig um hinn almenna sveitarstjórnarmann að ræða. Hvernig getum við sveitarstjórnarmenn verið betur upplýst um rekstur stofnana sem sveitarfélögn okkar eiga og staðið vörð um þau.

Hvað hefur verið gert frá síðasta aðalfundi?

Á síðasta aðalfundi var til umræðu það aukna hlutverk sem landshlutasamtökunum er ætlað að sinna ásamt sóknarfærum Vesturlands. Hefðbundið fundaform var brotið upp og fram fór samráð þar sem sátu saman við borð fulltrúar frá ólíkum sveitarfélögum. Gerður var góður rómur að umræðuforminu á fundinum. Ákveðnar efasemdir heyrðust um þetta nýja fyrirkomulag. Aukið hlutverk landshlutasamtakanna væri jafnvel að taka yfir þætti í hlutverki sveitarstjórnanna og verið væri að búa til nýtt stjórnkerfi. Niðurstaða fundarins var þó sú að líta á þetta sem tækifæri. Stjórn hefur haft skýrslu lldis til hliðsjónar frá síðasta aðalfundi og var unnin samantekt um hvað hefði komið fram og hvað hefði framkvæmst á þessu ári sem liðið er. Framkvæmdastjóri mun gera grein fyrir þessu hér á eftir.

Flutningur verkefna heilbrigðiseftirlits til heimabyggðar.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa um nokkurt skeið unnið að því að fá umsjón með tilteknum verkefnum á sviði eftirlits með fyrirtækjum á Vesturlandi. Um er að ræða verkefni sem nú eru í höndum Matvælastofnunar (MAST) en heimild er fyrir í lögum að séu framseld til heilbrigðisnefnda. Athygli nokkurra ráðherra hefur verið vakin á því að auðveldlega megi



flytja til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eftirlit með öllum fiskvinnslufyrirtækjum, sláturhúsum, mjólkurstöðvum, öðrum stórfyrirtækjum og öðrum frumframleiðslufyrirtækjum á Vesturlandi og væri hér um að ræða verkefni sem væru í anda stefnu stjórnvalda um flutning opinberra starfa út á landsbyggðina. Stjórn SSV hefur viljað halda því fram að með þessu næðist fram hagræðing í opinberum rekstri og öflugra eftirlit með starfsemi fyrirtækja. Í byrjun júlí sl. samþykkti ríkisstjórnin erindisbréf hagræðingarhóps sem leggja skal til aðgerðir til þess að hagræða, forgangsraða og auka skilvirkni í rekstri stofnana ríkisins. Ásmundur Einar Daðason, alþingismaður, er formaður nefndarinnar og var honum sent erindi í nafni stjórnar SSV þar sem honum var bent á þennan hagræðingarmöguleika. Auk þess hefur ráðherra atvinnu- og auðlindamála, Sigurði Inga Jóhannssyni, verið sent sambærilegt erindi og fyrri ráðherrum. Ásmundur verður með erindi hér á fundinum á morgun og fer kannski yfir þessi mál þar, hver veit.

Starfsemi atvinnuráðgjafar

Starfsemi atvinnuráðgjafar mótaðist fyrst og fremst af 2 verkefnum á árinu. Annars vegar vinnsla Sóknaráætlunar og hins vegar vinnu og ráðgjöf við umsóknir um IPA verkefni. Í þessi 2 mál fór mikil vinna, um örlög IPA umsókna vita líklega allir viðstaddir. Auk þess hefur með auknum kröfum hins opinbera á hendur landshlutasamtaka í landinu um að þau og/eða atvinnuþróunarfélög taki að sér verkefni án þess að fjármagn fylgi með, hafa mál þróast á þann veg að starfsemin mótast sífellt meira af umsjón með slíkum verkefnum á kostnað þess að starfa í grasótinni. Þessi verkefni eru t.d. Vaxtarsamningurinn sem Atvinnuráðgjöf er gert að sinna, vinnsla sóknaráætlunar og svo hafa verkefni almenningsamganga verið hjá starfsmönnum Atvinnuráðgjafar. Staðan hjá SV er því þannig að þegar þessum verkefnum hefur verið sinnt, eru tæplega 2 stöðugildi til að sinna aðstoð við einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög á sviði atvinnu- og eftirspurn eftir þjónustu hefur verið mjög mikil, bæði á sviði nýsköpunar og fjárhagslegar endurskipulagningar. Mikilvægt er í tengslum við umræðu um endurskipulagningu SSV að ræða um hlutverk og markmið með starfsemi atvinnuráðgjafar og þar verður að taka mið af samstarfsaðilanum um rekstur atvinnuráðgjafarinnar, Byggðastofnun, sem fjármagnar tæplega helming af starseminni. Atvinnuráðgjöfin vinnur nú að fjórðu skriflegu íbúakönnuninni sem gerð hefur verið á þriggja ára fresti fyrir svæðið. Í þetta sinn er netið notað til framkvæmdarinnar og er þátttaka í könnuninni góð. Í þessum könnunum hefur byggst upp gagna – og upplýsingagrunnur sem er svæðinu mjög dýrmætur í til lengri tíma litid í sambandi við byggðapróun. Hagvísar eru á sínum stað, aðgengilegir á netinu. Tveir hagvísar koma út á árinu. Annar þeirra er um opinber störf á Vesturlandi og hinn síðar mun koma út í desember og er um lýðfræði Vesturlands. Báðir þessi hagvísar liggja frammi hérna á fundinum, hinn síðar nefndi sem drög þar sem hann er ekki full frágenginn.

Markaðsstofa Vesturlands

Starfsemi Markaðsstofu Vesturlands var erfið á síðasta ári, tap eftir afskriftir og fjármagnsliði var 1,3 milljón. Eigið fé er neikvætt um 6 mkr. og mikilvægt að skoða framtíð starfsemi Markaðsstofu í tengslum við endurskipulagningu SSV, Gerð var grein fyrir rekstri Markaðsstofunnar á aðaldundi hennar þann 19. apríl sl. SSV jók hlutfé sitt í Markaðsstofunni skv. ákvörðun síðasta aðalfundar.

Almenningsamgöngur

SSV tók yfir rekstur almenningsamganga á Vesturlandi þann 1. janúar 2012. Því fylgir einnig samstarf við önnur landshlutasamtök vegna reksturs á leiðinni Reykjavík – Akureyri, en sú leið skiptist á milli landshlutasamtakana á Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Eyþing og Vesturlands. Í samningi sem gerður var við Vegagerðina um þetta verkefni er ákvæði um að Landshlutasamtökin hafi einkaleyfi til skipulagningu almenningsamgangna milli viðkomandi landshluta og höfuðborgarsvæðisins. Efasemdir eru um hversu haldmikið þetta einkaleyfi er og hafa rekstaraðilar hópferðabifreiða komist upp með að skipuleggja ferðir yfir sumartímann, beint ofan í áætlunarferðir almenningsamgangna. Þetta er skýr forsendubrestur samnings, sem og lækkun á niðurgreiðslu olíugjalds í áföngum og leiðir til 4 milljón króna kostnaðarhækkunar á verkefninu á yfirstandandandi



ári, frekari lækkun niðurgreiðslu olúgjalds, og þar af .leiðandi hækkun kostnaðar munu verða á árunum 2014 og 2015.

Frá áramótum 2012 voru almenningssamgöngur með óbreyttu sniði til 1. september það ár, en þá tók við nýtt kerfi sem hannað var af Strætó bs. Í því kerfi eru fargjöld, heimasíða og allt viðmót samhæft við Strætó bs. Þetta var stórt skref í að búa til samræmt almenningssamgöngukerfi í landinu. Mikil vinna starfsmanna SSV liggur að baki þessum breytingum en SSV hefur séð um þetta verkefni f.h. landshlutasamtaka sem eru með hlutdeild í leiðinni Reykjavík – Akureyri. Nú liggur fyrir að frá 1. september 2012 til áramóta var 16 m.kr. tap á rekstri þessa kerfis, afkoma leiðakerfisins frá áramótum til 1. september stefnir í að vera með örlitla jákvæða niðurstöðu.

Það er verkefni þessa fundar að senda stjórn skilaboð um hvernig bregðast eigi við því tapi sem varð á síðasta ári, en SSV fundaði með hinum landshlutasamtökunum í byrjun þessarar viku, en mikilvægt er að þeir sem að þessu standa komist að sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli. Öllum ber saman um að kerfið sé gott. Verkefnið hefur opnað margvísleg tækifæri fyrir íbúa svæðisins og vaxandi farþegafjöldi staðfestir það. Mikilvægt er að kerfið verði sem fyrst aðlagað eftirspurn og tækifærin í því nýtti betur og kallað verði eftir afstöðu og stefnu stjórnvalda um efndir samningsins varðandi einkaleyfið og fá bætt álögur sem ríkið hefur sett á verkefnið með lækkun á niðurgreiðslu olúgjalds. Ólafur Sveinsson mun fara yfir verkefnið undir sérstökum lið á dagskránni á morgun.

Samstarf landshlutasamtakanna á landsvísu.

Að lokum vil ég koma inn á samstarf landshlutasamtakanna á landsvísu. Það hefur ætíð verið gott og hafa framkvæmdastjórnar mikið samband sín á milli. Sóknaráætlun hefur verið viðamikil verkefni á borðum landshlutasamtakanna og hefur það verið okkur Vestlendingum lán að hafa starfsemi atvinnuráðgjafarinnar svo nátengda starfsemi SSV sem raunin er þegar svo viðamikil verkefni eru sett í gang.

Formenn og framkvæmdastjórnar landshlutasamtakanna áttu gagnlegan fund á Akureyri í júní sl. Byggðamál voru mikið rætt á fundinum og fyrirkomulag þeirra í nýju ríkisstjórnar- samstarfi. Megin niðurstaða fundarins var sú að mikilvægt sé að halda áfram verklagi sóknaráætlunar og þróa það áfram og var erindi sent á ríkisstjórnina og hún eindregið hvött til þess. Sóknaráætlanir landshluta eru nátengd byggðamálum og var því einnig komið á framfæri að eðlilegast væri að vista þau í Innanríkisráðuneyti, þ.e. því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarstjórnarmála.

Lokaorð.

Ágætu fundarmenn

Núverandi stjórn SSV þakkar fyrir samstarfið á árinu. Sem fyrr hefur stjórnin unnið vel saman og samstarf við starfsmenn hefur verið með ágætum.

Ég vil þakka öllum sem ég hef átt samskipti við á þessum tíma kærlega fyrir gott og gefandi samstarf.

F.h. stjórnar SSV.

Gunnar Sigurðsson, formaður.



Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir sitt erindi og bað Hrefnu B. Jónsdóttur um að fara yfir ársreikninga SSV fyrir árið 2012.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningar og fjárhagsáætlun

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV las og skýrði endurskoðaða reikninga ársins 2012. Einnig var kynnt drög að fjárhagsáætlun ársins 2014.

Endurskoðaður ársreikningur 2012 er í sér skjali og fjárhagsáætlun verður afgreidd á framhaldsaðalfundi. Hefna fór þó yfir helstu lykilatriði fjárhagsáætlunar og tengslum hennar við vinnu starfshóps sem formaður fór yfir í sinni ræðu. Ársreikninginn má finna í fylgiskjali 1.

Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir samantekt á reikningum og fjárhagsáætlun.

Fundastjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Fyrirspurn barst um hvort hægt væri að fá frekari upplýsingar um rekstur almenningsgangna. Því var svarað að Ólafur Sveinsson myndi fara ítarlega yfir þann málaflokk undir sérstökum dagskrárlið.

Ekki komu fleiri fyrirspurnir og að því loknu vísaði fundarstjóri ársreikningum og fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

Hrefna B. Jónsdóttir fór yfir samantekt frá aðalfundinum 2012 um hvað hefur gerst/orðið að veruleika.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundastjóri þakkaði Hrefnu fyrir og bað kjördæmanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Björn Steinar Pálmason gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Borist höfðu kjörbréf frá öllum sveitarfélögum nema Helgafellssveit, alls 27 talsins og engar athugasemdir voru gerðar. Björn kynnti fulltrúa sveitarstjórna með nafnakalli.

Fundarstjóri þakkaði kjördæmanefnd fyrir snéri sér að næsta dagskrárlið.



ÁVARP GESTA

Fundarstjóri kynnti Gísla Gíslason, formann Framkvæmdaráðs Vesturlands.

FRAMTÍÐARHÓPUR SSV

Gísli Gíslason, formaður Framkvæmdaráðs Vesturlands.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Gísla Gíslasyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Komið var inná að innihald skýrslunnar væri birtingamynd þess með hvaða hætti stjórnskipunin er og hvernig verkefnaflutningur hefur verið færast frá ríkinu til sveitafélaganna. Í því samhengi hafa sveitarstjórnarmenn verið að reyna aðlaga skipulag sveitarfélaga. Stórir málaflokkar hafa verið að færast frá ríki yfir til sveitafélaga og hefur þeim fjölgað á síðustu árum. Í ljósi þess með hvaða hætti stjórnskipunin hefur þróast væri mikilvægt á samstarfsvettvangi sveitarstjórnarmála, að allir aðilar hafi sameiginlega skilning á því hvernig stjórnskipuninni sé háttað og að ábyrgðarþátturinn sé skýr. Bent var á að mikilvægi þess að hafa kjark í að ræða þessi málefni og takast á við þau. Það er nauðsynlegt að hafa þessa skýra sýn yfir þessa málaflokka og þá ábyrgð sem þeim fylgja. Að lokum var komið inná nauðsyn þess að umrætt stjórnáylustig væri skilgreint í stjórnarskrá með skýrum hætti og í einfaldri mynd.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Kaffihlé

Breyting varð á dagskrá þar sem og fundarstjóri kynnti Ólaf Sveinsson, forstöðumann atvinnuráðgjafar SSV.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Ólafur Sveinsson, forstöðumaður atvinnuráðgjafar SSV.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi Sveinssyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fundastjóri kynnti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Innanríkisráðherra.



ÁVARP INNANRÍKISRÁÐHERRA

Hanna Birna Kristjánsdóttir, Innanríkisráðherra

Hanna Birna þakkaði fyrir boðið á aðalfund SSV og ætlaði hún í erindi sínu að koma inná nokkur af mörgum málum sem væru framundan á sveitastjórnarsviðinu innan Innanríkisráðuneytisins.

Hún tók fram að hún væri ekki komin til þess að segja sveitarstjórnarfólki fyrir verkum heldur ætlaði hún sér að vinna með þeim. Hún kvaðst ætla að vinna með sveitarstjórnnum og lagði áherslu á rétt þeirra til sjálfstjórnunnar. Hún minnti sveitarstjórnarfólk á að sveitarstjórnir væru ekki undirstofnanir ríkisins. Þær stæðu jafnfætis ríkinu að því leyti að þær væru lýðræðislega kjörnar. Á þeim grundvelli ættu samskipti ríkis og sveitarfélaga að fara fram. Í umræðunni um fjármál og starfsemi sveitarfélaga vildi Hanna Birna taka það fram að sveitarstjórnir hefðu almennt staðið sig vel á síðustu árum og ríkisvaldið mætti sína því meiri skilning. Það vildi oft gleymast í umræðunni um fjármál sveitarfélaga að langflest sveitarfélög á landinu væru vel rekin og þeim hefur verið stjórnað af mikilli ábyrgð og festu. Samstaða sveitarstjórnarmanna og samvinna í kjölfar hrunsins væri gott dæmi um þá miklu ábyrgð sem þeir hefðu axlað. Þegar menn væru að kveinka sér hjá ríkinu vegna hagræðingar og sparnaðar að þá minntist hún þess þegar hún starfaði hjá Reykjavíkurborg og var að afgreiða fjárhagsáætlanir. Þar var sparað og hagrætt á tímum hrunsins auk þess sem sveitarfélögin fengu ekki krónu í verðbætur vegna þess að þau þurftu að skila á pari. Það kom aldrei til greina að verðbæta nokkurn þátt hjá Reykjavíkurborg í rekstrinum á árunum 2008-10. Hjá ríkinu hafa hlutirnir verið verðbættir og mönnum þar þykir það eftir sem áður mikil hagræðingarkrafa. Hanna Birna brýndi fyrir sveitarstjórnarmönnum að það væri mikilvægt þegar sveitarstjórnarmálin væru rædd að einblína ekki bara á vandamálin heldur líka á þá góðu hluti sem hafa verið framkvæmdir á erfiðum tímum.

Hanna Birna minnti á að í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar væri kveðið á um að lágmarksútsvar yrði afnumið á kjörtímabilinu. Sagði hún að undirbúningur væri hafin í Innanríkisráðuneytinu að undirbúa slíkt frumvarp sem yrði lagt fram að óbreyttu á næsta þingi. Það væri liður í því að færa valdið frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna og að auka frelsi sveitarfélaganna. Hanna Birna kvaðst hafa ritað bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem þeim var kynnt þessi áform og þeim boðið að koma fram með ábendingar um það sem laga þyrfti í tekjustofnalögunum. Þeim skilaboðum var jafnframt komið á framfæri til sveitarfélaga á Vesturlandi hér með.

Hanna Birna sagðist vera með til skoðunar reglur um álagningu annarra gjalda. Hún er á því að sveitarfélögum eigi að vera heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatta á ákveðna hópa kjósi þau að gera það. Hún kvaðst einnig á því að breyta þyrfti reglum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að útgjöld hans hafi ekki letjandi áhrif á sveitarfélögin til þess að lækka skatta eða gjöld.

Á þeim mánuðum sem Hanna Birna hefur starfað Innanríkisráðherra hefur hún margoft verið spurð út í lögbvingaðar sameiningarviðræður sveitarfélaga. Það er hennar skoðun að ekki eigi að fara útí slíkar aðgerðir heldur ætti frekar að auka samvinnu á milli sveitarfélaga. Sjá mætti fyrir sér að landshlutasamtökin gætu tekið að sér að leiða verkefni er miða að því að efla sveitarstjórnarstigið í hverjum landshluta. Mikilvægt væri að íbúarnir sjálfir ættu lokaorðið hversu langt skildi ganga í samvinnu og sameingarmálum.

Hanna Birna minnti á að löggæslu og samgöngumál féllu undir Innanríkisráðuneytið. Ekki yrði hjá því komist að nefna þessa málaflokka þar sem þeir spiluðu stórt hlutverk í sveitarstjórnarmálum. Á tímum hagræðingar hefðu þessir málaflokkar lent í niðurskurði. Sparað hefði verið um 19% í rekstri löggæslunnar á síðustu árum sem hefði birst í 12% fækkun lögreglumanna um allt land. Hanna Birna lagði áherslu á að tímum hagræðingar í ríkisrekstri væri ekki lokið en benti jafnframt á að málin myndu snúast um forgangsröðun. Þannig væri hægt að tryggja að þeir málaflokkar sem helst þyrftu á stuðningi ríkisins að halda myndu njóta



Þess. Hanna Birna sagði að treysta þyrfti þessar stoðir og huga þyrfti að leiðum til þess. Hún benti á að lítið fjármagn hefði farið í viðhald samgöngumannvirkja á síðustu árum þrátt fyrir að farið hafði verið úti nokkrar stórfamkvæmdir á þeim sviðum. Lagði hún áherslu á að brýnt væri að auka öryggi á vegum landsins. Hanna Birna benti þó á að endurbætur hafa átt sér stað á vegakerfinu á Vesturlandi og nefndi sem dæmi, endurbætur á vegi milli Fornahvamms og Heiðarsporðs á Holtavörðuheidi, nýbyggingu á hluta Borgarfjarðarbrautar, endurbyggingu á vegakafli á Svínadalshéiði og Melasveitarvegi. Þá væri verið að byggja brú yfir Reykjadalá auk þess sem unnið væri við endurbætur á Borgarfjarðarbrú. Ekki væri um risastór verkefni að ræða en þetta væri dæmi um viðhald og endurbætur sem væru mikilvæg fyrir íbúa svæðisins.

Varðandi löggæslumál sagði Hanna Birna að það væri yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að efla og bæta löggæslu í landinu. Á síðasta þingi var lagt fram 5 ára plan til eflingar löggæslu en að þeirri vinnu komu fulltrúar allra flokka. Hefur Hanna Birna leitað eftir því að þeirri vinnu verði haldið áfram á næsta þingi og verður sú vinna unnin innan Innanríkisráðuneytisins með aðkomu aðila úr öllum flokkum.

Hanna Birna tilkynnti fundarmönnum að við gerð fjárlagafrumvarpsins væri lögð sérstök áhersla á í Innanríkisráðuneytinu að setja aukið fjármagn til löggæslumála, ekki síst á landsbyggðinni. Hún benti á að viðbótar fjármagn til þessa málaflokks hefði krafist þess að skera hefði þurft niður á móti í öðrum málaflokkum er falla undir ráðuneytið. Verið væri að vinna í að greina störf lögreglunar, fá skýra sýn á öryggis og þjónustustig, mannaflaþörfina og skiptingu fjárveitinga. Þá væri sérstakt rekstrarteymi innan ráðuneytisins að greina rekstrargrundvöll lögreglustofnanna til skemmri og lengri tíma svo að viðbótarframlagið nýtist til eflingar löggæslu þar sem þörfin væri brýnust. Vonir væru bundnar að viðbótarframlagið skilaði sér í fjölgun lögreglumanna, þá helst á landsbyggðinni. Fyrsta verkefnið í áðurnefndu 5 ára plani væri löggæslan á landsbyggðinni yrði sýnilegri.

Hanna Birna kom inná að á að ná næstu misserum yrði unnið að því að efla sýslumanns- og lögregluembættin og frumvörp yrðu lögð fram á komandi þingi þar sem kveðið yrði á um fækkun sýslumanns- og lögregluumdæma. Hún bætti við að nánari útfærsla á skiptingu umdæma myndu ekki liggja fyrir en í aðalatriðum yrði horft til starfssvæða landshlutasamtakana.

Að lokum óskaði eftir góðu samstarfi við sveitarfélögin í landinu og hvatti þá sveitarstjórnarmenn sem sátu fundinn til þess að koma til sín eða samstarfsfólks síns til þess að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur mætti fara.

Fundarstjóri þakkaði Hönnu Birnu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Hönnu Birnu var þakkað gott erindi og ummælum hennar um eflingu löggæslumála var sérstaklega fagnað. Fram kom ábending frá sveitarstjórnarmönnum varðandi jöfnunarsjóð og málefni fatlaðra þar sem niðurstöðutölur fyrir árið 2013 birtust sveitarfélögunum í maí eða fimm mánuðum eftir að rekstrarárið byrjaði. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að fjárveiting til málefna fatlaðra kæmi á þeim tíma sem sveitarfélögin væru að vinna að sínum fjárhagsáætlunum. Hanna Birna tók undir þessi sjónarmið og taldi að mikilvægt að sú seinkun sem varð á niðurstöðutölum endurtaki sig ekki.

Fram komu hugleiðingar varðandi lög um lágmark- og hámarksútsvar. Rætt var um hvort að meiri þörf væri e.t.v. að losa um hámarksútsvar, þannig að sveitarfélögin gætu náð sér í meiri tekjur. Þau sveitafélög sem myndu vilja fara þá leið gætu þá borið slík áform undir kjósendur. Sá



möguleiki var nefndur að lágmarksútsvar gæti skapað tvennskonar sveitafélög á Íslandi. Eitt sveitarfélagið myndi einkennast af ungum hjónum með börn og eldra fólki sem myndi vilja búa þar sem þjónustustig væri hátt og greitt yrði fyrir með herra útsvari. Hitt sveitarfélagið myndi vera einkennast af miðaldra barnlausum hjónum sem myndi vilja búa við lágt þjónustustig og útsvarið væri lágt. Jafnframt var bent á að staðan væri sú að sveitarfélögin væru misjafnlega í stakk búinn að bjóða lágt útsvar og væru ýmsar ástæður fyrir því t.d. ákvarðanir ríkisvaldsins með staðsetningu starfssjóða. Sá möguleiki var einnig nefndur að hugsanlega gæti frjáls útsvarsálagning orðið til þess að standa í vegi fyrir frekari sameiningu sveitarfélaga.

Hanna Birna benti á að ekki væri einhugur innan stjórnar SÍS að afnema lágmarksútsvar en hennar skoðun var að lágmarksútsvarsþrósetan ætti að vera eins lág og möguleg væri. Hún benti jafnframt á það að hækkun útsvars væri pólitískis eðlis og það væru ólíkar skoðanir milli stjórnmalaflokka á þinginu en unnið væri að því að ná sátt um þessi mál.

Rætt var að um nauðsyn þess að meira fjármagn myndi fylgja frá ríkinu yfir til sveitafélaganna í tengslum við málefni fatlaðra. Þá var rætt um mikilvægi þess að einkaleyfi í tengslum við almenningssamgöngur haldi. Sveitarfélögin töldu sig í trú um þegar þau tóku yfir rekstur almenningssamgangna að þau myndu hafa einkaleyfi á þeim leiðum sem þau skipuleggja akstur á. Það sem hefur hins vegar gerst er að aðrir aðilar hafa hafið akstur á sömu leiðum yfir sumartímamann sem hefur gert það að verkum að farþegafjöldi á þeim tíma hefur ekki staðið undir væntingum, sem hefur síðan komið niður á rekstrinum. Þá var komið inná mikilvægi þess að fara yfir skipulag stjórnsýslu sveitarsveitarfélaganna sem tengdist umræðunni um þriðja stjórnsýslustigið. Var óskað eftir upplýsingum frá ráðherra um það hvort að það væri einhver umræða innan ríkisstjórnarinnar um svokallað millistig í stjórnsýslunni eða hvort að stjórnvöld myndu sjá fyrir sér meira samstarf á milli sveitarfélaganna til þess að efla landshlutasamtökin. Einnig var óskað eftir upplýsingum varðandi stöðu og framtíð sóknaráætlunar.

Hanna Birna vísaði til fyrri ummæla sinna varðandi málefni fatlaðra en þar væru málin í farvegi innan fjármálaráðuneytisins og niðurstöðu mætti vænta á næstunni. Hún ítrekaði að það væri vilji innan ríkisvaldsins að halda áfram með almenningssamgangna verkefnið og ríkisvaldið ætlaði sér að standa við gerða samninga. Hún lagði áherslu á að margt í almenningssamgöngunum hefði gengið vel auk þess sem stór hluti íbúa væri ánægður með verkefnið. Hins vegar væri ætlunin að boða landshlutasamtökin til fundar með Vegagerðinni og Innanríkisráðuneytinu þar sem farið yrði heildstætt yfir málin. Sá fundur væri áætlaður í byrjun október. Varðandi umræðu um annað stjórnsýslustig þá hefur sú umræða ekkert átt sér stað á vettvangi ríkisvaldsins. Áherslan væri á þessu stigi að efla samstarf á milli sveitarfélaganna og að efla samstarf á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Varðandi sóknaráætlun þá er hún nefnd í ríkisstjórnarsáttmálunum og væri stefnt á að vinna áfram með þá góðu hluti sem þar eru nefndir. Verið er að vinna að þessum málum innan ráðuneytisins og vonaði Hanna Birna að ráðuneytið gæti gefið sveitarfélögunum skýrari svör varðandi framvindu sóknaráætlunarinnar á næstu misserum.

Rætt var um auknar kröfur sem gerðar væru til sveitarfélaganna og vilji þeirra til þess að fara horfa til framtíðar og takast á við ný verkefni. Nefnt var að sameining sveitarfélaga væri mögulega eitt skref í því ferli. Komið var inná að mikilvægt væri að efla sveitarfélögin í ljósi þess að ætlunin væri að efla landshlutasamtökin og væri sameining eða aukið samstarf sveitarfélaganna liður í því. Þeirri fyrirspurn var beint til Innanríkisráðherra hvort að hægt væri að setja fjárhagslega hvata í gegnum jöfnunarsjóð til þess að stuðla að frekari sameiningu eða samvinnu á milli sveitarfélaga.

Umræða var um ferðaþjónustu á svæðinu og í því samhengi var horft til staða og stofnanna eins og þjóðgarðsins á Snæfellsnesi, náttúrustofa og skólanna sem gætu styrkt hvort annað í að vera ein heild þ.e. Vesturland. Á það var bent að ferðaþjónustan væri í hröðum vexti en sveitafélög hafa illa í stakk búin að reka og viðhalda stöðum og stofnunum. Þeirri spurningu var beint til



Innanríkisráða um hver er framtíðarsýn stjórnvalda væru í þessum málaflökki.

Hanna Birna tók það fram að hún væri hlynnt sameiningum sveitarfélaga í þeim tilvikum sem að íbúar og sveitarstjórnarmenn myndu telja æskilegt að fara þá vegferð. Ríkisvaldið væri tilbúið að aðstoða þau sveitarfélög sem vildu sameinast og mætti skoða hvata í jöfnunarsjóði til þess. Hanna Birna kom inná mikilvægi þess að sveitarfélög og ríkisvaldið myndu eiga samtal við þjóðina um hvaða málefni þyrfti að standa vörð um. Hún velti fyrir sér hvaða þættir það væru sem væru þjóðinni mikilvægastir og hvaða kröfur þjóðin myndi gera um þjónustustig í mismunandi málaflökkum.

Varðandi framtíðarsýnina og ferðamenskuna lagði Hanna Birna áherslu á að með aukinni áherslu á löggæslu væri m.a. verið að auka umferðaröryggi. Mikilvægt væri í ferðamenskunni að upplýsa ferðamenn um hættur á vegum og á hálendi, sem síðan myndi skila sér í lægri slysatíðni og færri útköllum í leit að ferðamönnum sem hafa villst af leið. Þá lagði ráðherra jafnframt áherslu á öryggi í samgöngum t.d. með viðhaldi vega sem myndu gegna mikilvægu hlutverki í að rækta þá sprota sem væru í ferðamenskunni.

Athygli var vakin á starfsemi Svæðisgarðs á Snæfellsnesi sem væri gott dæmi um samstarf sveitarfélaga án sameiningar. Sveitarfélögin hafa haft frumkvæði að verkefninu og fjármagnað það sjálf að mestu leyti. Nú væri sveitarfélögin komin að þeim tímapunkti hvort að það eigi að stofna Svæðisgarðinn formlega en verkefnið hefur verið kynnt ráðuneytum en þar hefur það orðið utanveltu og lent á milli ráðuneyta. Í framhaldi var spurt um viðhorf stjórnvalda til svona verkefna.

Hanna Birna sagðist þekkja hugmyndina og verkefnið en þó ekki í smáatriðum. Ráðherra var bent á að frekari upplýsingar væri að finna á heimasíðu Svæðisgarðsins, www.svaedisgardur.is

Rætt var um tilfærslu á málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaga og bent á að ekki hafi nægjanlegt fjármagn fylgt málaflökknum þegar hann fór frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna. Til dæmis hafi ekki verið gert ráð fyrir nægjanlegu fjármagni í umsýslu- og skrifstofukostnað. Greinilegt væri að með flutningnum væru landshlutasamtökin komin í viðfangsmikinn rekstur. Í því samhengi mætti færa rök fyrir því að þarna væri um þriðja stjórnsýslustigið að ræða enda væri verið að meðhöndla háar peningaupphæðir og ábyrgð þeirra sem halda utan um þessi mál væri mikil. Bent var á að fyrir skömmu fengu sveitarfélögin þær upplýsingar að ekkert fjármagn myndi fylgja einstaklingum sem yrðu metnir undir 4,0 í SIS-mati. Staðan í dag væri þannig að ekki væri búið að framkvæma SIS-mat á nema litlum hluta þeirra einstaklinga sem búsettir væru á svæðinu, þar af leiðandi myndi ekkert fjármagn fylgja þeim einstaklingum til reksturs málaflökksins. Gerð væri krafa af hálfu ríkisvaldsins að taka hluta útsvarsins til málaflökksins. Ráðherra var beðinn um að hafa þessi atriði í huga og athuga hvort að ríkið gæti ekki flýtt fyrir vinnu á SIS-mati.

Hanna Birna var hvött til þess að taka það jákvæða út sóknaráætluninni og óskað var eftir frekari upplýsingum um framvindu hennar á næstu misserum. Bent var á að sveitarfélögin hefðu verið í náinni samvinnu um hin ýmsu málefni eins og t.d. í velferðarmálum og almenningssamgöngum. Þessi mál væru hins vegar erfið viðfangs í kerfinu þar sem ekki væri til nein lögformleið umgjörð um þessi samvinnumál. Lýst var yfir vonbrigðum með nýju sveitarstjórnarlögin er varðar landshlutasamtökin þar sem lítið var minnst á þau í lögunum. Velta mætti upp þeim möguleika hvort að endurskoða þyrfti lögin með landshlutasamtökin í huga og þá í leiðinni að formfesta umrædd samvinnuverkefni. Annar kostur væri að fara í stjórnarskrárbreytingu og búa til þriðja stjórnsýslustigið. Bent var á mikilvægi þess að skilgreina hverjir það væru sem mættu sitja í stjórnnum slíkra verkefna, ættu það að vera kjörnir fulltrúar eða starfsmenn einhverra bæjarfélaga?. Að lokum var komið inná að um þessar mundir væri verið að skoða að færa öldrunarmálin yfir til sveitarfélaganna og miðað við reynsluna af öðrum málaflökkum þá er ekki ólíklegt að sveitarfélögin hiki við að taka yfir þau mál.



Hanna Birna benti á varðandi málefni fatlaðra þá væru miklar væntingar í gangi sem í einhverjum tilvikum væri ekki hægt að standa undir. Stundum gerðist það þegar þjónusta væri færð frá ríki yfir í nærsamfélag, þá kæmu fram kröfur sem ekki voru til staðar þegar þjónustan tilheyrði ríkinu. Hann Birna ítrekaði það sem hún sagði áður varðandi sóknaráætlunina, ekki hefðu verið teknar neinar ákvarðanir nema að nýta það góða úr henni og vinna áfram með þá hluti án þess þó að næstu skref hafi verið skilgreind í smáatriðum.

Komið var inná fjarskiptamál en á Vesturlandi væru margar menntastofnanir og mikil ferðaþjónusta, hins vegar væri netsamband afar stopult víðsvegar um svæðið. Þeirri spurningu var velt upp hversu illa þyrfti sá sérleyfishafi á svæðinu sem sér um þessi mál að standa til þess að nýr aðili gæti komið á einhverjum breytingum. Tekið var dæmi um hópa sem komið hafa á svæðið erlendis frá í rannsóknarstörf sem gera kröfur um netnotkun en þeir hafa hins vegar lent í að vera netsambandlaus mestan tímann.

Hanna Birna benti á að ágætis árangur hefði náðst í þessum málum á undanförunum árum. Það væri átak í gangi á vegum ráðuneytisins þar sem verið væri að veita fjármagn úr sjóði til þess að byggja upp þessa þjónustu um hinar dreifðu byggðir. Hanna Birna ætlaði að taka þessar ábendingar inní starfshóp sem sér um fjárveitingar til þessara verkefna. Þá rifjaði Hanna Birna upp blaðagrein sem framsóknarflokkurinn birti í aðdraganda kosninganna sem hét „Ljós í fjós“ lýst var yfir bættum fjarskiptum.

Að því loknu þakkaði Hanna Birna fyrir sig og vonaðist eftir góðu samstarfi í framtíðinni.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Því næst bauð fundarstjóri Halldór Halldórsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga velkominn.

FORMAÐUR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITAFÉLAGA

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Halldóri fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Óskað var eftir nánari útskýringum á ummælum Halldórs varðandi að það vantaði fjármagn í pott varðandi málefni fatlaðra, jafnframt því að það vantaði að vita hver kostnaðurinn væri. Þá var velt upp þeirri spurningu að hvort skoða ætti að búa til skjalasafn sveitarfélaga.

Í ræðu Halldórs auglýsti hann eftir sveitarfélögum sem væru ekki með hækkandi tekjur. Bent var á að tekjur Akraneskaupsstaðar hefðu hækkað um 0,25% á meðan landsmeðaltalið væri 4,4% og væri sveitarfélagið að leita skýringa á þeim mun. Þar sem að ríkið sér um innheimtuna þá væru sveitafélögin ekki að fá neinar upplýsingar um hvaðan tekjurnar væru að koma. Óskað var eftir því að SÍS myndi skoða þessi mál fyrir hönd sveitarfélaganna. Annað mál sem Akranes væri að kljást við væri að tekjur Hjúkrunarheimilis Höfða duga ekki fyrir útgjöldum. Ein af ástæðum þess væri að bærinn væri ekki að fá nægjanlegt fjármagn fyrir hvern vistmann sem nauðsynlegt væri. Hver og einn vistmaður væri í raun metinn í vistunarrými þegar hann þyrfti í raun hjúkrunarrými. Óskað var eftir upplýsingum um hvernig sveitarfélög gerðu grein fyrir hjúkrunarheimilum á landinu. Eru þau með þau í B-deildum eða ekki? Samkvæmt könnun sem



Akranes gerði meðal c.a. 20 annarra sveitarfélaga kom í ljós að meirihluti sveitarfélaganna voru ekki með þessa hluti inni samstæðunni. Þetta skipti miklu máli þar sem í þessu fælust yfirskuðbindingar, auk þess sem tekjur dugðu ekki fyrir gjöldum. Þessi staða gæti kallað á eftirlit frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Óskað var eftir aðstoð frá SÍS til þess að skýra þessi mál og skilgreina. Þá var komið inná skjalavörslu sveitarfélaga og bent á að eins og staðan væri í dag væri hún heldur íþyngjandi og hvatt var til nánara samstarfs á þeim vettvangi, þar sem fyrirséð væri að kostnaður í þessum málaflokki myndi fara vaxandi á næstu árum. Að lokum var rætt um málefni fatlaðra en þegar málaflokkurinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna, þá voru þau skyldug til þess að kaupa húsnæði eins og sambýli. Eftir sem áður væri áherslan í lögunum að boði séu sem flest sérbyli. Nú væru einstaklingar að flytja úr sambýlum sem keypt voru háu verði yfir í sérbyli sem myndi þýða að sveitarfélögin myndu sitja uppi með dýrar og tómar eignir.

Í tengslum við málefni fatlaðra svaraði Halldór því til, að það hafi komið honum á óvart hversu hátt flækjustigið var í tengslum við húsnæðismálin þegar málaflokkurinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna. Staðan væri einfaldlega þannig að sum sveitarfélög hefðu þurft að taka á tap í tengslum við þau. Við úthlutun fjármagns í tengslum við málefni fatlaðra hefði komið í ljós skekkja í innbyrðis skiptingu. Um þessar mundir væri vinna í gangi í jöfnunarsjóðnum þar sem væri verið að fara yfir þessi mál og stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu fljótlega enda sé 2014 endurskoðunarár. Varðandi staðgreiðsluskattinn þá virðast endurtekin vandræði hafa fylgt þeim málum. Óútskýranlegar sveiflur hafa verið á milli mánaða. Það væri mjög óeðlilegt í öllu því aðgengi að upplýsingum sem væru í dag, að fjármálastjóri hjá sveitarfélagi gæti ekki farið yfir staðgreiðsluna og athugað hvort að fyrirtækin séu ekki að skila. Þetta er eitthvað sem SÍS væri tilbúið að vinna að. Um tekjur hjúkrunarheimila svaraði Halldór því til, að þá hafa SÍS ekki verið að skoða þessi mál nýlega en ef þau geta hjálpað þá eru samtökin reiðubúin til þess. Var bent á að hafa samband við Gunnlaug Júlíusson hjá Hagdeild SÍS í þeim málum. Þá sagði Halldór frá því að SÍS hefði átt fund með Þjóðskjalaverði og þar kom fram að Þjóðskjalasafnið myndi ekki taka þetta að sér. Halldór tók undir sjónarmið fundarmanna að hentugast væri að vera með eitt skjalasafn en aðalatriðið væri að innleiða viðeigandi tækni.

Fyrirspurn barst um jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Bent var á að fyrir nokkrum árum var talað um hvað myndi breytast fyrir hvert og eitt sveitarfélag ef að jöfnunarsjóður myndi breytast með þeim hætti að hann væri fyrst og fremst að jafna útgjöld en ekki tekjur. Þetta var annað þrep í tillögum vinnuhóps sem skipaður var um breytingar á jöfnunarsjóði. Búið væri að fara í fyrsta skrefið sem fólst í ákveðnum lagfæringum en skref tvö hefði ekki verið tekið. Spurt var um hvernig staðan væri í þessum málum og hver væri framvindan?. Þá var komið inná málefni fatlaðra og fjallað um fund sem framkvæmdastjórar sveitarfélaga á Vesturlandi áttu með starfsfólki SÍS, þar sem sýnt hefði verið framá að heildartekjur í málaflokkinn hefðu verið að aukast. Aukningin hafi hins vegar ekki verið með sambærilegum hætti á Vesturlandi og annarsstaðar á landinu. Fyrirséð væri að SIS-matið myndi koma illa út fyrir Vesturland og að margir einstaklingar sem hafa fengið þjónustu í tugi ára lenda fyrir neðan fjórða fötlunarstig.

Þá var spurt hvað 10 punkta kerfið væri.

Halldór greindi frá því að 10 punkta kerfið væri samningur sem þáverandi Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín skrifaði undir við kennaraforystuna árið 2006 um 10 þrepa verkefni. Sveitarfélögin áttu enga aðild að samningnum en hann kom mikið inná málefni



sveitarfélaganna. Þessu var mjög mótmælt af SÍS þar sem það þótti mjög óeðlilegt að þessir tveir aðilar myndu semja sín á milli án aðkomu sveitarfélaganna, sem sjá um rekstur grunnskólanna.

Varðandi málefni fatlaðra sagði Halldór að hluti af fjármagni sem ætlaður væri í málefni fatlaðra, myndi renna beint til sveitarfélaga og væri ætlaður í rekstur á þjónustu til einstaklinga sem myndu falla undir fjórða fötlunarstig í SIS-mati. Í þeim reynslufasa sem nú væri að fara af stað þá gæti farið svo að einhver sveitarfélög myndu ekki ná að fjármagna rekstur þessa hóps með því fjármagni sem þau fá. Í því samhengi lagði Halldór áherslu á að það væri mjög mikilvægt að sveitarfélögin hefðu mjög nákvæma kostnaðaráætlun í þessum málum. Það væru gögnin sem SÍS þyrftu að hafa í sínum höndum til þess að sýna fram mismuninn. Varðandi jöfnunarsjóðinn þá leiðrétti Halldór fyrirspurnina og benti á að um hafi verið að ræða þrjú þrep, þar sem búið væri að fara í fyrstu tvö þrepin. Ríkið lagði ekki í á sínum tíma að fara í þriðja þrepið sem felur í sér almenna útgjaldajöfnun. Halldór sagði ef að þriðja þrepið væri komið í framkvæmd þá þyrftu sveitarfélögin ekki að hafa áhyggjur af lágmarksútsvarinu. Hann greindi frá því að SÍS hafi barist fyrir að byrjað væri á þriðja þrepinu og hefði Innanríkisráðherra tekið vel í þær hugmyndir. Bent var á að búið væri að ráða sérfræðing í það verkefni að reyna útfæra þrep þrjú sem væri flókið í útfærslu.

Að lokum var lögð áhersla á hve illa SIS-mat kæmi við einstök sveitarfélög á Vesturlandi þar sem búið væri að sníða þjónustu að einstaklingum á ákveðnum stöðum sem væru flestir undir 4 fötlunarstigi. Fyrirséð væri að sveitarfélög myndu sitja uppi með talsverðan kostnað vegna þessa.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

TILLÖGUR

Sjá sérstakt skjal með glærum

Fundarstjóri óskaði eftir tillögum.

Fundarstjóri las upp tillögu frá formanni.

Í gögnum fundarmanna liggur samantekt sem unnin var af starfshópi um skoðun á starfsemi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þar sem hér er um mjög mikilvægt mál að ræða þykir ástæða til að vanda þessa vinnu. Á stjórnarfundum sem haldinn var 9. sept. sl. var samþykkt tillaga um starfshóp til að vinna málið áfram og óskað eftir því við Pál Brynjarsson að veita hópnum formennsku, en í hópnum eru oddvitar og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna.

Í upphafi var vilji stjórnar að taka þetta mál fyrir á þessum fundi en þegar ljóst varð að það tækist ekki kom upp sú hugmynd að fresta aðalfundi um 4 – 6 vikur og halda þá framhalds aðalfund. Taka málið þá upp ásamt því að þá yrði einnig hægt að fara betur yfir vinnu starfshóps SSV um málefni fatlaðra.

Athugasemdir og umsagnir eru að berast í hús í báðum þessum verkefnum. Hér er um stór mál að ræða og vanda þarf til verka.



Aðalfundur SSV, haldinn í Reykholti dagana 12 – 13 september 2013 samþykkir að fresta aðalfundi SSV um 4 – 6 vikur.

Gunnar Sigurðsson, formaður SSV

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar

Nefndarstörf

Föstudagur 13. september 2013.

Fundarstjóri bauð Ingibjörgu Valdimarsdóttur, stjórnarmann SSV velkomna.

FINNLANDSFERÐ FULLTRÚA FRÁ SSV

Ingibjörg Valdimarsdóttir, Stjórnarmaður SSV.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Ingibjörgu Valdimarsdóttur fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Því næst bauð fundarstjóri Hjördísi Hjartardóttur, félagsmálastjóra Borgarbyggðar velkomna.

MÁLEFNI FATLAÐRA – STARFSSKÝRSLA ÁRSINS 2012

Hjördís Hjartardóttir, félagsmálastjóri Borgarbyggðar og fulltrúi í þjónusturáði Vesturlands.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Hjördísi Hjartardóttur fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Starfshópnum voru þökkuð góð störf og bent var á að nauðsyn þess að fara vel yfir þessi mál. Fram kom að mikil pressa væri á sveitarfélögunum vegna málefna fatlaðra. Það væri mat manna að sveitarfélögin væru ekki að ná að þjónusta fatlaða einstaklinga eins og þau vildu gera vegna fjárskorts. Þegar rekstrartölur væru skoðaðar mætti sjá að sveitarfélögin á Vesturlandi hefðu verið að leggja meira fjármagn í skammtíamavistun fyrir börn en önnur sveitarfélög á landinu með rekstri á sumarbúðum. Í framhaldinu var þeirri fyrirspurn beint til Hjördísar hvort að það ætti líka við fullorðna einstaklinga?.

Hjördís svaraði því til að þessi mál tækju öll mið af aðstæðum. Henni sýndist að sveitarfélögin væru að þjónusta í atvinnuúrræðum. Hún velti upp þeirri spurningu hvort að það væri eðlilegt að þau væru að þjónusta á því sviði. Þessi mál væri erfið viðfangs þar sem meta þyrfti hvert



tilvik fyrir sig. Hún benti á að í Borgarnesi væri verið að draga úr þjónustu sem svæðisskrifstofan veitti áður, þar sem að fjárhagsupplýsingar bentu til að þar væri sveitarfélagið að veita meiri þjónustu en önnur sveitarfélög veittu einstaklingum með sambærileg SIS-möt.

Komið var inná þá reynslu sem sveitarfélögin upplifðu eftir að nýja kerfið var innleitt og voru menn á því að fjármagn til Vesturlands hafi setið eftir við kerfisbreytinguna og var vísað á SIS-mat í því samhengi. Minnkandi fjármagn á Vesturland myndi gera kröfu á að sveitarfélögin á svæðinu myndu fá upplýsingar um hvað SIS-matið væri að mæla og væri frábrugðið því kerfi sem notast var við áður. Nauðsynlegt væri að fá upplýsingar um þá þætti sem þetta kerfi mælir vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin þurfa að veita samkvæmt lögum. Mikilvægt væri að ná samræmingu á milli svæða og áhersla var lögð á að það yrði ekkert aftur snúið í þessum málum. Bent var á hvernig útsvarspátturinn þróaðist við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Til dæmis á Akranesi hækkaði útsvarsprósentan sem hjálpaði til við rekstur grunnskólans. Fyrstu 8 mánuði á þessa árs er landsmeðal útsvarshækkunar um 5,5%, á Akranesi var hækkunin 0,38%, í Snæfellsbæ lækkaðu útsvarstekjur um -4,3%, í Borgarbyggð hækkuðu tekjurnar um 5%. Miklu máli skipti hvernig útsvarsgrunnurinn væri að þróast með tilliti til þess fjármagns sem kemur inni þjónustuna. Mjög mikilvægt væri að átta sig á hvers vegna hlutirnir væru að þróast á þennan veg. Bent var á að eftir 2014 þyrfti hver félagsþjónusta að taka ákvörðun um það, ef setja ætti meira fjármagn inni þjónustuna þá þyrftu sveitarfélögin að forgangsraða öðruvísi í fjárhagsáætlunum sínum. Þá þyrfti að sjá til þess að Vesturland fengi réttlátan sneið af kökunni þegar endursamkomulagið yrði gert árið 2014.

Rætt var um að þekking sveitarstjórnarmanna á málefnum fatlaðra hafi farið vaxandi og að umræðan hafi batnað til muna. Eðlilegt væri að hvert svæði skilgreindi þjónustubörf sína á mismunandi hátt en hægt væri að ná fram samræmingu á einhverjum þjónustubáttum, allt eftir þörfum einstaklinga. Vísað var í erindi Hjördísar þar sem hún kom inná nauðsyn þess að fara í stefnumörkun og var þeirri spurningu velt upp hvernig sú stefnumörkun ætti að fara fram og hverjir ættu að koma að henni. Í framhaldinu var Hjördís spurð að því hvort að starfsfólk í þjónusturáði þyrfti á einhverri aðstoð að halda frá sveitarstjórnunum.

Rætt var um mikilvægi þess að sveitarfélögin myndu marka sér stöðu og en það hafi hugsanlega ekki tekist þar sem að sveitarstjórnarmenn hefðu ekki sett sig nógu vel inni málaflökkinn frá upphafi sem væri mjög flókinn. Vitnað var í ræðu formanns SÍS sem sagði í ræðu sinni að hann teldi að það væri nægjanlegt fjármagn inni málaflökkinum. Tölur benda til að fjármagnið væri um 25% hærra en aukningin væri aðeins um 11% á Vesturlandi. Í ljósi þess að Vesturland væri að dragast aftur úr væri mikilvægt að sveitarstjórnarfólk myndi styðja við bakið á þjónustuhópnum og því fólki sem heldur utan um þetta starf. Ennfremur var bent á að 64% þeirra sem þiggja þjónustu væru ekki með SIS-mat er óviðunandi staða. Það gengi ekki að ríkisvaldið myndi setja málaflökk uppí hendurnar á sveitarfélögunum án þess að vera búið að vinna grunnvinnuna sem verður að vera til staðar til þess að byggja upp þjónustu og samræma. Þá var vísað í ræðu Hjördísar um mismun á milli svæða á Vesturlandi og nauðsynlegt væri að sveitarfélögin geti rætt þessi mál opinskátt án þess að detta í hrepparíg.

Hjördís kom inná að það vantaði hagsmunasamtök fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga á Vesturlandi. Öryrkjabandalagið væru hagsmunasamtök fyrir alla öryrkja á landinu en vandamálið væri, að þar væri ekki neinn ákveðinn aðili sem sinnir þessu verkefni. Starfsemi Proskahjálpar hefur verið lítið virk en þó hefði verið haldinn aðalfundur og kosin stjórn í fyrra. Mikilvægt væri að þjónustuliðarnir komi að stefnumótun í þessum málaflökki þar sem það væru foreldrar og aðstandendur fatlaðra barna sem væru oft bestu ráðgjafarnir í því hvernig umrædd þjónusta ætti að vera. Blanda af sveitarstjórnarmönnum, fagfólki og fulltrúum þjónustuliða væri hentug samsetning í að búa til stefnumörkun í þessum málum. Hjördís taldi mikilvægt sveitarstjórnarmenn myndu setja sig inni málaflökkinn og í því gæti mesti stuðningur sveitarstjórnarmanna við þjónusturáðið falist, þannig að það viti hvað er um að vera. Því miður hefur farið mikil orka í þrætumál staðin fyrir samvinnu.



Rætt var um að Vesturland væri töluvert á eftir í fjárveitingum og vísað var í umræðuna um að Vesturland hafi ekki notið sömu hækkunar og önnur landssvæði. Greinilegt væri í skýrslunni að ekki hefði tekist að ná tókum á að vera með sömu skilgreiningar á svæðinu þrátt fyrir að skýrsluhöfundar séu einungis þrír og væru að vinna með málaflokkinn hver á sínu svæði. Langur vegur væri þangað til hægt væri að bera hlutina saman við önnur svæði. Í framhaldinu var Hjördís spurð að því hvað Vesturland hefuri verið að veita betur en önnur sveitarfélög á ákveðnum sviðum sem ekki var áður? Einnig var rætt um hvort að innan Vesturlands væru sveitafélagamörk sem væru þannig að fólk gæti ekki sótt þjónustu yfir sveitafélagamörkin.

Hjördís taldi að á Vesturlandi væri verið að þjónusta fólk sem væri minna fatlað en annarsstaðar. Það væri á margan hátt jákvætt en rekstrarkostnaður á Vesturlandi hefuri verið meiri annarsstaðar vegna þeirrar þjónustu og spilar skammtíavistunin og sumardvölin á Holti þar inní. Engin önnur sveitarfélög hafa verið í rekstri samanber á dvölinni að Holti.

Því var komið komið á framfæri að þegar búið væri að leiðrétta tölur um fjölda fatlaðra þá hafa fjárframlög til þessa málaflokks lækkað á milli ára.

Að lokum var spurt um í hverju ágreiningurinn í þjónusturáði fælist og svaraði Hjördís því til að ágreiningurinn væri fyrst og fremst um fjármagn, síður um verkefni.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir og bað Hrefnu um að fara yfir ársreikning þjónustusvæði Vesturlands.

Hrefna fór yfir ársreikning þjónustusvæðis Vesturlands

Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir og bauð Ingibjörgu Valdimarsdóttur að fara yfir vinnu Starfshóps SSV.

Ingibjörg Valdimarsdóttir – Starfshópur SSV.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Ingibjörgu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Hrefna vitnaði til vinnu Vífils Karlssonar við skoðun á rekstrartölum o.fl. í tengslum við verkefnið en sú vinna verður kynnt á framhaldsaðalfundinum.

Fundarstjóri þakkaði fyrir Ingibjörgu og Hrefnu fyrir og kynnti Þorodd Bjarnason, forstjóra Byggðastofnunar.

BYGGÐASTEFNA ÍSLANDS OG SÓKNARFÆRI VESTURLANDS

Þoroddur Bjarnason Forstjóri Byggðastofnunar.

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Þoroddi Bjarnasyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.



Fyrirspurnir og umræður

Þóroddi var þakkað áhugavert erindi og líst var yfir ánægju með að skilgreina veiku svæðin sérstaklega frá hinum, þar sem að landsbyggðin væri mjög ólík innbyrðis. Þeirri spurningu var velt upp hvort að Byggðastofnun hafi unnið að greiningu ólíkra málaflokka með jöfnun búsetuskilyrða að leiðaljósi og hvort að einhver markmið væru í því samhengi.

Rætt var um fjarskiptamál og þeirri spurningu beint að Þóroddi hvort ekki þyrfti að taka þau mál sambærilegum tókum og tekið var á síma- rafmagnsvæðingu á sínum tíma.

Þóroddur svaraði því til varðandi jöfnun lífsgæða, að atvinnumál væru byggðamál en byggðamál væru ekki atvinnumál, þar sem fleiri þættir myndu falla undir byggðamálin en atvinna. Stefnumótun í byggðaáætlun væri samkvæmt lögum um Byggðastofnun. Byggðastofnun hefur verið fyrst og fremst í lánastarfsemi og atvinnuþróun. Það myndi skipta miklu máli þegar nýja byggðastefnan kæmi fram að starf Byggðastofnunar myndi beinast víðar en bara að atvinnumálum. Varðandi fjarskiptin, þá væri staðan einfaldlega þannig að það sem færi verst með fólk væri óvissan. Þannig að fólk veit ekki að hverju það gengur og jafnvel væri staðan þannig að fólk veit ekki hvort það hafi áfram það sem það hefur núna. Það væri betra að það myndi liggja fyrir að hvaða svæði yrðu tryggð ákveðin þjónusta og spyrja síðan hvað ætlunin væri að gera á öðrum svæðum.

Bent var á misjöfn búsetuskilyrði innan svæðisins t.d. væru sumstaðar klæðningar á vegum öðrum megin inni dölum en hinum megin ekki. Einn helst vaxtarbroddur í atvinnulífinu væri ferðaþjónusta og ef að vegir væru í misjöfnu ástandi þá væru ekki jöfn skilyrði. Þar af leiðandi færi ungt fólk ekki að búa á þeim stöðum þar sem rýrari kostir væri fyrir hendi. Á Vesturlandi væri mikið hagsmunamál að tryggja að samgöngur séu í lagi til þess að tryggja jöfn búsetuskilyrði og í leiðinni að jafna samkeppnisstöðu.

Rætt var um sveiflur í byggðum á svæðum sem skilgreind væru veik í erindi Þórodds og þá í tengslum við hitastig sjávar og fiskgengd. Hugsanlega væru að skapast tækifæri vegna breyttra aðstæðna á þessum svæðum og var þeirri spurningu velt upp hvort ekki væri ráðlegt að setja meira fjármagn til rannsókna í sjóeldi.

Þóroddur benti á að Byggðastofnun væri með tvö tilraunaverkefni í gangi þar sem verið væri að virkja íbúanna. Áhugavert væri að bera þau saman þ.e. verkefnið á Raufarhöfn og Bíldudal. Staðan á Raufarhöfn væri grafalvarlega þar sem að byggð mun leggjast af ef ekkert verður að gert. Hins vegar á Bíldudal væri allt í fullum gangi í atvinnumálum og þar væri húsnæðisskortur. Spurningin væri hvernig tekst lítið samfélag á við þetta? Hvernig mun byggðarfélagið að takast á við allar þessar breytingar?. Samfélagið er ekki lengur sjávarþorp heldur væri það að þróast í eitthvað allt annað.

Í tengslum við umræðuna um búsetuskilyrði var bent á að 10% landsmanna búa á köldum svæðum og væri þessi hópur að borgar háan búsetuskatt vegna upphitunar. Var spurt hvort að Byggðarstofnun myndi aðstoða sveitarfélög sem byggju við þessi skilyrði.

Þóroddur tók undir þessi sjónarmið og benti á að almennt væri viðhorfið þannig að rafmagnið væri í þjóðareign en heita vatnið væri eign sveitarfélaganna. Byggðastofnun hefur verið að vinna í að reikna út og athuga hvað það myndi kosta að jafna þennan kostnað. Í ljós hefur komið að sá



kostnaður er ekki óyfistíganlegur. Þannig þyrfti að líta á að heita vatnið sé sameign allra landsmanna og þeir sem búa á köldum svæðum myndu fá niðurgreiddan húshitunarkostnað niður í það sem kostar að hafa hitaveitu.

Fundarstjóri þakkaði Þóroddi fyrir og kynnti Vilhjálm Egilsson Rektor Háskólans á Bifröst.

MENNTUNARÁTAK Í NV-KJÖRDÆMI

Vilhjálmur Egilsson, Rektor Háskólans á Bifröst

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Vilhjálmi Egilssyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Lýst var yfir ánægju með erindi Vilhjálms og hvernig verkefnið hefur verið að þróast. Almenn ánægja var með áhersluna á þjónustugreinarnar og matvælafræðina. Vilhjálmur var spurður hvað hann teldi valda því að á svæðinu væru tveir háskólar en háskólamenntunarhlutfall væri lágt og hvað væri hægt að gera til þess að hækka hlutfallið.

Vilhjálmur benti á að Landbúnaðarháskólinn væri sérhæfður landbúnaðarháskóli og hefði það hlutverk að mennta fólk fyrir allt landið. Hvað Háskólann á Bifröst varðaði þá starfaði hann á þremur megin sviðum þ.e. að mennta viðskiptafræðinga, lögfræðinga og nemendur í gegnum HSS nám. Í skólanum væri jafnframt boðið uppá meistaranám í lögum, alþjóðaviðskiptum og menningarstjórnun. Vilhjálmur taldi tækifærin fyrir Vesturland felast meðal annars í að tengja skólann betur við atvinnulífið og fyrirtækin í svæðinu. Ljóst væri að bæði fyrirtækin og nemendurnir myndu hafa mikinn hag af samstarfi. Ekki væri ólíklegt að nemendur gætu síðar meir haldið áfram að vinna fyrir fyrirtækin á svæðinu.

Tekið var undir mikilvægi þessa verkefnis sem fæli meðal annars í sér eflingu menntunarstigs úti á landsbyggðinni. Í framhaldi af þeim vangaveltum var spurt um áhrif þessa verkefnis á námsframboð annarra skólastofnanna á svæðinu?.

Vilhjálmur taldi að með þessu verkefni væru aðilar að prófa sig áfram. Vitað væri að það væri þörf til þess að bjóða uppá nám tengt matvælafræðnaðnum og í tengslum við þjónustu. Ef að þetta virkar þá munu aðrir skólar fylgja í kjölfarið. Langstærsti hlutinn af því fjármagni sem fer í þetta verkefni mun fara í framhaldsskólanna. Þeir munu gegna lykilhlutverki í þessu verkefni.

Að lokum var bent á niðurstöður rannsókna sem sýndu fram á að laun þeirra sem hefðu háskólamenntun og störfuðu á Vesturlandi væru lægri en þeirra sem störfuðu á höfuðborgarsvæðinu og ynnu sambærileg störf og hefðu sambærilega menntun.

Fundarstjóri þakkaði Vilhjálmi fyrir sitt erindi og boðaði hádegishlé



FRAMHALD NEFNDARSTARFA

AFGREIÐSLA ÚR NEFNDUM OG KOSNINGAR

ÁLYKTANIR UM ALLSHERJARNEFND

Allsherjarnefnd tekur undir nauðsyn þessa að endurskipuleggja starfsemi SSV og að vísa fyrirbyggjandi tillögum um breytingar á starfsemi og skipulagi SSV í sérstakan vinnuhóp.

Aðalfundur SSV lýsir yfir miklum áhyggjum varðandi stöðu á rekstri almenningsgangna á starfssvæði sínu. Vert er að fram komi að mikil ánægja er meðal almennings með aukna og bætta þjónustu sem mikil fjölgun farþega sýnir. Verkefnið er mikilvægt fyrir jöfnun búsetuskilyrða og aðgengi að þjónustu innan sem utan svæðisins. Áætlanir um rekstur almenningsgangna hafa ekki staðist þrátt fyrir fjölgun farþega og munar þar mestu um þann forsendubrest sem orðið hefur frá því landshlutasamtökin tóku við verkefninu. Fundurinn óskar eftir að forsendubresturinn verði bættur að fullu.

Aðalfundur SSV ítrekar ályktun fundarins um orkumál frá fyrra ári.

Samþykktar tillögur. Sjá fylgiskjal 1.

MÁLEFNI FATLAÐRA

Samþykktar tillögur. Sjá fylgiskjal 1.

FJÁRHAGSNEFND

Ársreikningur SSV – samþykktur. Sjá sér skjal.

Ársreikningur Þjónustusvæðis Vesturlands – samþykktur. Sjá sér skjal.

Fjárhagsnefnd lagði til að ákvörðun um árgjald 2014 yrði frestað til framhaldsaðalfundar SSV. - samþykkt

Fjárhagsnefnd lagði til að vinnuhópi sem falið hafði verið að vinna áfram með samantekt starfshóps um framtíð SSV til framhaldsaðalfundar yrði einnig falið að skoða framlög sveitarfélaga til SSV jafnhliða þeirri vinnu. Vinnuhópurinn þarf að skoða framlag sveitarfélaga til SSV í ljósi þeirra tillagna sem hann kemur með til framhaldsaðalafundar.

Margir þættir hafa áhrif á fjárhagsáætlun 2014, svo sem framlög ríkis í gegnum Byggðastofnun og Jöfnunarsjóð. Ákvarðanir um Markaðsstofu og Menningarsamning hafa einnig mikið um áætlun að gera. – samþykkt. Sjá fylgiskjal 2.

TILLÖGUR SAMGÖNGUNEFNDAR

Samþykktar. Sjá fylgiskjal 1.



KJÖRNEFND

Samþykktar tillögu. Sjá fylgiskjal 1.

Fundarstjóri gaf Gunnari Sigurðssyni, formanni SSV orðið.

Gunnar lagði fram tillögu um að frestun aðalfundar í 4-6 vikur.

Tillaga samþykkt.

Gunnar þakkaði fundarstjórum fyrir góða og röska fundarstjórn og Borgarbyggð fyrir góðar móttökur í Reykholti. Fundarmönnum, nefndarmönnum og starfsfólki SSV fyrir sitt framlag.

Fundi frestað í 4-6 vikur



FYLGISKJAL 1 - ÁLYKTANIR AÐALFUNDAR SSV ÁRIÐ 2013

Ályktanir aðalfundar SSV 2013

AÐALFUNDUR HALDINN Í REYKHOLTÍ

12. SEPTEMBER – 13. SEPTEMBER 2013



ALLSHERJARNEFND

Allsherjarnefnd tekur undir nauðsyn þessa að endurskipuleggja starfsemi SSV og að vísa fyrirbyggjandi tillögum um breytingar á starfsemi og skipulagi SSV í sérstakan vinnuhóp.

Aðalfundur SSV fagnar orðum Innanríkisráðaherra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur um eflingu löggæslu- og öryggismála. Niðurskurður og fækkun löggæslumanna á Vesturlandi á síðustu árum hefur komið niður á öryggi íbúa og starfsmanna löggæslumála á svæðinu. Niðurskurður í löggæslumálum hefur lagt auknar og allt að því óraunhæfar byrðar á starfsfólk sem sinnir þessu málaflokki. Mikilvægt er að tekið sé tillit til landsstærðar og dulinnar búsetu á svæðum þegar fjármagni er útdeilt.

Aðalfundur SSV lýsir yfir miklum áhyggjum varðandi stöðu á rekstri almenningsgangna á starfssvæði sínu. Vert er að fram komi að mikil ánægja er meðal almennings með aukna og bætta þjónustu sem mikil fjölgun farþega sýnir. Verkefnið er mikilvægt fyrir jöfnun búsetuskilyrða og aðgengi að þjónustu innan sem utan svæðisins. Áætlanir um rekstur almenningsgangna hafa ekki staðist þrátt fyrir fjölgun farþega og munar þar mestu um þann forsendubrest sem orðið hefur frá því landshlutasamtökin tóku við verkefninu. Fundurinn óskar eftir að forsendubresturinn verði bættur að fullu.

MÁLEFNI FATLAÐRA

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi telur að umsýsla og utanumhald með málefnum fatlaðra sé mun betur fyrir komið í höndum sveitarfélaga en ríkisvaldsins.

Hins vegar undrast aðalfundurinn þá framkomu ríkisvaldsins við sveitarfélögin er varðar þá einhliða ákvörðun að leggja af framlag með þjónustuþegum sem kosta samkvæmt mati 4 m.kr. eða minna en það er óásættanleg framkoma og fer aðalfundurinn fram á að settar verði fram gegnsæjar aðferðir við útreikninga þjónustuframlaga.

Sú staðreynd að SIS-mat er stutt á veg komið er einnig óviðunandi og eykur óvissu í allri áætlunargerð. Misvísandi skilaboð virðast berast frá ríkisvaldinu hvað varðar framkvæmd matsins og er það krafa aðalfundarins að fá skýr svör og að allir þjónustuþegar verði metnir inni SIS-mat kerfið. Staðreyndin er sú að á Vesturlandi vantar SIS-mat á 64% fatlaðra einstaklinga miðað við tölur í ágústlok 2013.

Tölulegar staðreyndir sýna að fjármagnið sem varið er til málaflokksins á Vesturlandi er engan veginn að standa undir þeim útgjöldum sem sveitarfélögin þurfa að bera, einnig er það ljóst að það fjármagn sem varið er til málaflokksins á Vesturlandi er hlutfallslega lægra en önnur landssvæði fá. Breytingar á forsendum samnings á miðju rekstrartímabili er algjörlega óviðunandi og enn eru leikreglur ekki fullkomlega mótaðar.

Aðalfundurinn felur stjórn SSV að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og fylgja því eftir að rétt sé gefið til allra landshluta.



ORKUMÁL

Aðalfundur SSV skorar á Alþingi að jafna að fullu raforkuverð til almennra notenda í dreifbýli til jafns við raforkuverð til almennra notenda í þéttbýli.

Með nýrri skipan raforkumála voru samþykkt sérstök lög, nr. 98 /2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þar kemur fram að: *Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda.*

Í lögunum segir m.a.: *Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. [17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.](#)*

Í lögunum stendur einnig: *Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem ráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarkna skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrá undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.*

Þegar lögin tóku gildi í upphafi árs 2005 var veitt 230 mkr. í þennan málaflokk. Gert var ráð fyrir að sú upphæð dygði til að verðjafna, sem þó reyndist ekki alveg duga, milli dreifbýlis og þéttbýlisgjaldskrár hjá dýrustu þéttbýlisveitunni. Í dag er veitt 240 mkr. í þennan málaflokk, en þyrfti að vera um 1100 mkr. til að jafna muninn alveg. Ef þessi munur væri jafnaður yrði raforkuverð til heimila á Íslandi nánast það sama um allt land.

Niðurgreiðslur til húshitunar

Aðalfundur SSV haldinn í Stykkishólmi 31.ágúst – 01.sept 2012 skorar á Alþingi að fara að tillögum varðandi niðurgreiðslur til húshitunar sem starfshópur á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur skilað í „**Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar (des 2011)**“ og tekur aðalfundur SSV eindregið undir þær tillögur sem þar eru settar fram.

Í dag eru hitaniðurgreiðslur skv. fjárlögum um 1200 mkr. Sú upphæð hefur lítið breyst á undanförunum árum, en var um 900 mkr á árinu 2005. Skv. tillögum starfshóps um breytingar á niðurgreiðslunum þarf um 1700 mkr. í þessar niðurgreiðslur.



FJÁRHAGSNEFND

Fjárhagsnefnd leggur til að ákvörðun um árgjald 2014 verði frestað til framhaldsaðalfundar SSV.

Fjárhagsnefnd leggur til að vinnuhópi sem falið hefur verið að vinna áfram með samantekt starfshóps um framtíð SSV til framhaldsaðalfundar verði einnig falið að skoða framlög sveitarfélaga til SSV jafnhliða þeirri vinnu. Vinnuhópurinn þarf að skoða framlag sveitarfélaga til SSV í ljósi þeirra tillagna sem hann kemur með til framhaldsaðalafundar.

Margir þættir hafa áhrif á fjárhagsáætlun 2014, svo sem framlög ríkis í gegnum Byggðastofnun og Jöfnunarsjóð. Ákvarðanir um Markaðsstofu og Menningarsamning hafa einnig mikið um áætlun að gera.

SAMGÖNGUNEFND

Aðalfundur SSV leggur enn og aftur ríka áherslu á að þau verkefni sem komin voru inn á skammtíma og langtíma vegaáætlun verði sett í forgang þegar vegaáætlun verður endurskoðuð. Áhersla er lögð á að sett verði fjármagn í leggja bundið slitlag og sinna viðhaldi á tengivegi víðsvegar um Vesturland. Brynt er að ljúka þeim verkefnum áður en farið verður í önnur, sbr. lög um samgönguáætlun nr. 33/2008.

Tengivegir – dreifbýl svæði – vegakerfið

Aðalfundur SSV skorar á þingmenn að hafa í huga við gerð nýrrar vegaáætlunar, að á meðan fjármagn er ekki fyrir hendi í breikkun Vesturlandsvegar, þá verði því fjármagni sem sett er í nýframkvæmdir veitt í tengi- og héraðsvegi Vesturlands, sem eru flestir malarvegir í mismunandi ásigkomulagi. Svæðið er dreifbýlt og mikil þörf er á að endurgera vegi og auka við slitlag. Mikilvægt er að bæta tengingu við aðra landshluta með tengingu Borgarfjarðarbrautar að Þingvöllum um Uxahryggjaleið.

Um NV kjördæmi liggja um 39% (5000 km.) af heildarvegakerfi landsins. Þar af eru tengivegir 1300 km og af þeim liggja um 500 km um Vesturland. Þetta hlutfall er hærra en gerist í öðrum landshlutum.

Fjármagn til viðhaldsverkefna

Aðalfundur SSV bendir á að fjármagn til viðhaldsverkefna í vegagerð er óviðunandi. Vegakerfi sem hefur verið byggt upp á síðustu árum þarfnast viðhalds og eru fjármunir til viðhaldsverkefna engan veginn í samræmi við þörfina. Smærri verkefni geta skilað meiru til byggðanna og atvinnulífsins.



Hvalfjarðargöng

Fyrirséð er að lán er hvíla á Hvalfjarðargöngum verða uppgreidd árið 2018. Aðalfundur SSV leggur áherslu á að umferð um göngin verði gjaldfrjáls í eitt ár áður en að göngin verða afhent ríkinu.

Viðhald og vetrarþjónusta

Aðalfundur SSV áréttar við stjórnvöld að sinna betur verkefnum sem tengjast vetrarþjónustu. Viðhald á vegakerfinu og vetrarþjónusta verður að vera fullnægjandi og má ekki koma niður á öryggi vegfarenda.

Umferðaröryggi

Aðalfundur SSV leggur áherslu á úrbætur við hættuleg vegamót við stofnvegi á Vesturlandi.

Breiðarfjarðarferjan Baldur

Aðalfundur SSV leggur ríka áherslu á aukinn stuðning við rekstur Breiðarfjarðarferjunnar Baldurs. Mikilvægt er með tilliti til ástands vega, fiskflutninga, ferðaþjónustu á svæðinu og reksturs skólaútibús Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði að tryggja áframhaldandi rekstur ferjunnar allt árið.

Fjarskiptamál

Aðalfundur SSV gerir kröfu um að tryggð verði aukin gæði nettenginga, sjónvarps-og útvarpssendinga á Vesturlandi í samræmi við stefnumörkun fjarskiptaáætlunar og að farsímaþjónusta verði tryggð án undantekninga. Slakar nettengingar, lélegar sjónvarpssendingar og ófullnægjandi GSM samband stendur víða í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja, sérstaklega í ferðaþjónustu og veikir þar með búsetu.

Á sumum svæðum þarf að endurskilgreina markaðssvæði fjarskiptafyrirtækja og auka þarft eftirlit með gæðum nettenginga. Margir staðir njóta ekki þeirrar lágmarks netþjónustu sem tilskilin er í Fjarskiptaáætlun og víða úti á landi hefur „markaðurinn“ reynst ófær um að veita þá þjónustu sem reiknað var með.

Brýnt er að unnið verði að framtíðarlausn fjarskipta með aukinni ljósleiðaratengingu.



KJÖRNEFND

STJÓRN OG NEFNDIR SSV

STJÓRN SSV

AÐALMENN

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Jón Þór Lúðvíksson
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Ingibjörg Valdimarsdóttir

VARAMENN

Ragnar Frank Kristjánsson
Einar Brandsson
Halla Steinólfadóttir
Kristín Björg Árnadóttir
Jóhannes Stefánsson
Lárus Á. Hannesson
Einar Benediktsson

FORMAÐUR STJÓRNAR: GUNNAR SIGURÐSSON

ÁHEYRNARFULTRÚAR Í STJÓRN: HALLA STEINÓLFSDÓTTIR OG LÁRUS Á. HANNESSON

SKOÐUNARMENN

AÐALMENN

Eiríkur Ólafsson
Laufey Jóhannsdóttir

VARAMENN

Andrés Ólafsson
Davíð Pétursson

SAMGÖNGUNEFND

AÐALMENN

Davíð Pétursson
Finnbogi Leifsson
Guðmundur Vésteinsson
Þórður Þórðarson
Kristinn Jónasson
Berglind Axelsdóttir
Ingveldur Guðmundsdóttir

VARAMENN

Grétar D. Pálsson
Jóhannes Stefánsson
Guðmundur Páll Jónsson
Einar Brandsson
Kristján Þórðarson
Þórður Á. Magnússon
Ása Helgadóttir

MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS

AÐALMENN

Ólafur Sveinsson

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir



FYLGISKJAL 2 - FJÁRHAGSÁÆTLUN SSV FYRIR ÁRIÐ 2014

Í þús.kr.	Raun 2012	Áætlun 2013	Endursk. áætl.2013	Áætlun 2014
Rekstrartekjur				
Árgjöld sveitarfélaga	16.251	16.889	16.873	
Framlag Jöfnunarsjóðs	23.239	21.477	21.500	21.500
Framlag Byggðastofnunar	19.186	20.264	19.485	19.485
Framlög vegna sóknaráætlunar			45.900	
Styrkir vegna sérverkefna (+erl.)	29.151	18.320	22.359	16.000
Tekjur atvinnuráðgjafar	0	6.000	5.000	5.000
Aðrar tekjur	680	1.000	1.000	1.000
	88.507	83.950	132.117	62.985
Rekstrargjöld				
Laun og tengd gjöld	43.560	50.936	54.532	55.815
Annar rekstrarkostnaður	29.331	25.882	25.690	28.239
Gjöld vegna sérverkefna	5.726	3.500	2.000	2.000
Markaðsstofan	2.950	3.844	2.500	6.000
Sóknaráætlun			45.600	
Afskriftir	1.041	1.043	1.917	1.917
	82.608	85.205	132.239	93.971
<i>Rekstrartap fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)</i>	<i>5.899</i>	<i>-1.255</i>	<i>-122</i>	<i>-30.986</i>
Vaxtatekjur og arður	1.138	650	569	180
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur	-743	-620	-630	-583
	0			
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals	394	30	-61	-403
Hagnaður/tap ársins	6.293	-1.225	-183	-31.389
Almenningssamgöngur	-21.224			
	-14.931			

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram á aðalfundi 12. sept. 2013 í Reykholti. Áætlunin er með vilja sett upp með eyðum þar sem ekki hefur verið tekin til umræðu framlög sveitarfélaganna til rekstrarins árið 2014. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlanagerð í framsögu sinni á aðalfundinum og sagði kröfur til sértekna starfseminnar ekki raunhæfa. Sértekjur voru mjög háar á árinu 2012 en það var vegna sérstaks/einstaks verkefnis sem Vífill Karlsson tók að sér. Framkvæmdastjóri benti fundarmönnum á að með þeim slagkrafti sem fer í sérteknaverkefni og sóknaráætlun þá er minni slagur í atvinnuráðgjöfinni sem er þó samningur um við Byggðastofnun.

Fjárhagsáætlun verður frestað til framhaldsaðalfundar þar sem hún mun tengjast umræðu um framtíðarskoðun á starfsemi SSV. Hún er því lögð fram eins og hún stendur hér að þessu sinni.